

**Umsögn Verndun og ræktun, VOR – félags framleiðenda í lífrænum búskap við skjalið
“Ræktum Ísland “ umræðuskjal um landbúnaðarstefnu.**

Dags: 26. maí 2021

Skýrslan Ræktum Ísland er fróðleg, skýr og vel framsett. Megin útgangspunkturinn er mikilvægi landbúnaðar í byggðapróun sem og grænum lausnum til framtíðar og hið lykil hlutverk sem landbúnaðurinn gegnir í loftslagsmálum. Viðurkenndur er afkomuvandi bænda og áhersla lögð á að skapa meiri fjárhagslega hvata í átt að bættum framleiðsluaðferðum þar sem bætt umhverfi og afkoma fer saman. Hlutverk lífræns landbúnaðar er viðurkennt og hann álitinn vera sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað.

Framsettar eru áhugaverðar hugmyndir að uppbyggingu nýs styrkjakerfis sem við teljum mikilvægar.

VOR vill undirstrika eftirfarandi atriði sem er samt engan vegin er tæmandi sem umræða um þetta stóra skjal. Eftirfarandi punktar sem teljum við geta haft mest að segja um framþróun lífræns landbúnaðar hér á landi.

1. Lífrænn landbúnaður

Útbreiðsla lífræns landbúnaðar á Íslandi er mikilvægt markmið í umhverfislegu tilliti en ekki síður til að skapa sterkari samkeppnisstöðu fyrir landbúnað á Íslandi. Það er mikilvægt og vænlegt til árangurs að sett séu skýr markmið og aðgerðaáætlun til að ná utan um þau verkefni sem vinna þarf þannig að svo megi verða. Aðrar þjóðir hafa gert það með góðum árangri, nægir þar að nefna Danmörku.

2. Erfðabreyttar lífverur

Á bls 12 segir, “landbúnaðarland vel fallið til ræktunar matvæla og fódurs, er verðmæt auðlind og skal almennt ekki ráðstafa þessu landi til annarra nota með óafturkræfum hætti. Samkeppni um land má ekki verða til þess að landbúnaðarlandi sé fórnað til annarra nota en ræktunar”.

Skýrslan meðtekur ekki þá miklu áhættu sem fylgjandi er ræktun erfðabreyttra plantna en á Íslandi hefur lyfjaplöntum sem framleiða vaxtarhvata verið sleppt út í náttúruna. Slepping erfðabreyttra lífvera út í umhverfið er óafturkræf aðgerð og er verulega takmarkandi fyrir útbreiðslu lífræns landbúnaðar sem og aðra ræktun til matvælaframleiðslu. Hafa verður í huga þau ruðningsáhrif sem geta orðið af ræktun erfðabreyttra plantna fyrir lyfjaiðnaðinn, sem kann að koma niður á matvælaframleiðslu í kjölfarið þar sem ráðstöfun lands er þá í grundvallaratriðum komin á annað og áhættu mikið svið. Ekki verður séð að ræktun slíkra plantna innan um landbúnaðinn og matvælaframleiðslu geti farið fram með trausti

almennings og neytenda. Hvað matvælaframleiðsla varðar hefur verið sýnt fram á að hægt er að auka framleiðslu með aðferðum lífrænnar ræktunar og virða þau markmið í umhverfismálum þar sem lögð er áhersla á heilbrigði jarðvegs og ræktun án eiturefna. Heilbrigði jarðvegs er grundvallaratriði sem viðurkennt er í skýrslunni, þar liggur lykillinn að kolefnisbindingu og líffræðilegum fjölbreytileika. Ræktun erfðabreyttra plantna er á allt annarri línu, henni fylgir efnanotkun og áhætta fyrir heilsu dýra sem manna.

Landbúnaðarstefnan getur haft skaðleg áhrif í för með sér ef ræktun erfðabreyttra plantna er gefið svigrúm hér á landi og VOR leggur til öll útiræktun slíkra plantna verði óheimil.

3. Loftslagsmál, kolefnisbinding

Á bls 36 segir: “Undir lok febrúar 2021 sendu stjórnvöld uppfærð markmið íslenska ríkisins í loftslagsmálum til skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Markmiðin eru sameiginleg með Evrópusambandinu og Noregi. Þau fela í sér samdrátt í losun, um 55% eða meira til ársins 2030, miðað við árið 1990. Hlutur Íslands í markmiðinu er 29% samdráttur í losun til ársins 2030 miðað við árið 2005, varðandi losun utan viðskiptakerfis ESB. Íslendingar geta ekki staðið við skuldbindingar sínar í loftslagsmálum nema aðgerðir þeirra standist alþjóðlegar kröfur og vottanir.”

Eitt verkfæri stjórnvalda til að milda áhrif landbúnaðar á loftslagið er að auka útbreiðslu lífræns landbúnaðar. Rannsóknir erlendis sýna meiri kolefnisbindingu í lífrænt ræktuðum jarðvegi og að tilbúinn áburður dregur úr getu jarðvegs til að binda kolefni. Almennt er talið að losun frá lífrænum landbúnaði sé 40% minni, og munar þar mestu um áburðarþáttinn. Það lága hlutfall ræktaðs lands, rúm 1% af ræktuðu landi er veikleiki fyrir Ísland í loftslagslegu tilliti.

4. Tillögur að breyttu styrkjakerfi


Gerðar eru tillögur um nýtt fyrirkomulag á styrkjum, þær eru áhugaverðar fyrir þær sakir að geta orðið til þess að auka jafnræði milli búgreina og auka á þróun í gegnum tækjakaup. Aðlögunarstuðningur er í boði fyrir nýliða í lífrænni ræktun en til langs tíma þarf að skapa fjárhagslegan hvata fyrir bændur til að stunda lífrænan landbúnað umfram hefðbundna búskaparhætti. Vísað er í tillögur VOR sem hugmyndir að uppbyggingu um framleiðsluþróun. Mikilvægt er að til langs tíma sé það hagfellt bændum að ganga inní lífræna kerfið. Þetta á ekki síst við um jarðræktarþáttinn.

5. Samantekt:

Nú á tímum loftslagsbreytinga er nauðsynlegt að stefna jafn mikilvæg og landbúnaðarstefna er gangi langt í því að stuðla að sjálfbærri þróun. Efna- og lyfjavæddur landbúnaður verður aldrei sjálfbær, hann fellur ekki að nútímalegum sjónarmiðum umhverfisverndar, líffræðilegrar fjölbreytni, loftslagsmála, fæðuöryggis, matvælaöryggis og lýðheilsu. Með eflingu lífræns landbúnaðar er verið að reyna að vinda ofan af þeirri óheillaþróun sem orðið hefur samhliða vexti efnavædds landbúnaðar síðan á seinni hluta 19. aldar auk útbreiðslu lyfjavæðingar í búfjáramleiðslu, einkum í verksmiðjubúskap.

Stefnan þarf að vera framsækin í ljósi umhverfismarkmiða og fyrirbyggja að Ísland missi af lestinni eftir því sem útbreiðsla vottaðs lífræns landbúnaðar eykst enn frekar í samkeppnislöndum okkar.

F.h. stjórnar VOR



Eygló Björk Ólafsdóttir , formaður